

Fundur stjórnar 27. apríl 2022, haldinn á skrifstofu félagsins Síðumúla 15 kl 17:00.

Mættir voru; Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Anna Guðjónsdóttir. Guðný Isaksen framkvæmdastjóri sat fundinn. Daníel Örn ritaði fundargerð.

Fundur með stjórn fuglahundadeildar.

Stjórn svaraði beiðni stjórnar FHD um fund varðandi tölvukerfi félagsins, gagnavörslu Lukku sem deildin hefur fengið til vörslu í eigin gagnagrunni. Forsaga málsins er sú að deildin hefur í gegnum tíðina fengið uppfærslu úr Lukku fyrir sinn gagnagrunn tvisvar á ári. Síðastliðin tvö ár hefur það ekki verið mögulegt því Lukka stóð á fallandi fæti, upplýsingar í henni ekki réttar og annað. Þorsteinn, sem hefur verið félaginu ómetanlegur við að tjasla Lukku saman og halda henni gangandi þar til nýi gagnagrunnur félagsins væri tekinn í notkun, hefur unnið alla sína vinnu í sjálfboðavinnu. Það var því ákveðið, bæði þar sem ekki væri hægt að ábyrgjast að upplýsingar sem kæmu úr Lukku væru réttar, og ekki síður að íþyngja ekki Þorsteini með frekari beiðnum að hætta ekki á uppfærslur fyrir eina deild. Sl. föstudag var gagnayfirfærsla í nýja kerfinu lokið og því var samþykkt á fundinum að hægt væri að keyra gögn úr Lukku í síðasta sinn, með fyrirvara um villur. Þá var yfirfarið hvað nýja kerfi félagsins mun hafa uppá að bjóða. Þá óskaði stjórn FHD eftir því að standa kostnað af vinnu Þorsteins.

FCI Europe Section fundurinn.

Upplýsingar frá fundinum.

Í fyrsta sinn á Íslendingur sæti í ráðinu en Herdís Hallmarsdóttir var kosin í stjórn Europe Section á fundinum og óskar stjórn félagsins henni til hamingju með kjörið.

Fulltrúi í vísindanefnd NKU

Erindi barst frá félagsmanni sem gaf kost á sér í nefndina. Er það mat stjórnar að tilnefna einstakling í vísindanefnd NKU á nýju starfsári nýrrar stjórnar, sem á sínum fyrsta fundi skipar í fastanefndir félagsins.

Stefna á hendur stjórn félagsins

Rætt var um stefnu tveggja félagsmanna, á hendur einstökum stjórnarmönnum HRFÍ og félaginu til vara. Félagið hefur fengið Jónas Fr. Jónsson, hæstaréttarlögmann, til að taka til varna fyrir bæði félagið og stjórnarmenn, og mun félagið bera kostnaðinn vegna þessa enda ljóst að stefnunni er beint gegn starfsemi félagsins og efnisvarnir hinar sömu. Félagsmenn verða upplýstir um þessa stöðu mála á komandi aðalfundi.

Aðalfundur félagsins

Aðalfundur félagsins hefur verið auglýstur. Í fundarboði eru reglur um framkvæmd kosninga og dagskrá fundarins. Auglýst hefur verið í dagblaði og á vefsíðum félagsins.

Erindi frá félagsmanni

Erindið fjallaði um afgreiðslu ættbóka, staðfestingu á afgreiðslu þeirra, og upplýsinga sem óskað er eftir að komi fram í ættbók, sbr. reglur um skráningu í ættbók.

Var það niðurstaða fundarins að erindið ætti við skrifstofu og falið framkvæmdastjóra til afgreiðslu.

Erindi afgreidd milli funda;

Afgreiðsla á erindum ræktunar-og staðlanefndar.Erindi frá félagsmanni.

Erindi barst frá félagsmanni sem óskar eftir að tík úr eigin ræktun verði sett í ræktunarbann vegna augnsjúkdóms sem þekkist í tegundinni og er staðfestur í tíkinni. Þá er þess óskað að nafni tíkarinnar í ættbók verði breytt en slíkt er óheimilt samkvæmt reglum um skráningu í ættbók. Stjórn samþykkti beiðni um ræktunarbann en hafnaði beiðni á breytingu á nafni tíkarinnar í ættbók. Sömuleiðis var stjórn hvött til að standa fyrir fleiri augnskoðunum. Erindið barst 6/4 '22.

Deildarsýningar; samþykktar milli funda.

Að fenginni umsögn sýningastjórnar samþykkir stjórn félagsins umsóknir fjár- og hjarðhundadeildar og terrierdeildar um deildar sýningar á árinu. Líkt og áður er þó sett það hámark á skráningu við 80 hunda en FCI reglur miða við þann fjölda ef gefa á skriflega umsögn.

Fuglahundadeild, samþykkt milli funda.

Erindi barst frá FHD um að halda heiðapróf í stað meginlandsprófs þann 23. apríl 2022. “ Vegna óviðráðanlegra aðstæðna hjá dómara þá kemst hann ekki til landsins umrædda daga og því þurfti stjórn FHD að fella niður próf þess daga. Stjórn FHD óskar eftir að fá að halda heiðapróf laugardaginn 23. apríl n.k. Boðið verður uppá UF og OF. Dómarar í heiðaprófinu verða Svafar Ragnarsson (einnig fulltrúi HRFÍ) og Pétur Alan Guðmundsson komi til þess að mikil skráning verði í prófið.” Erindið barst 12/4 '22.

Stjórn samþykkti beiðni FHD milli funda.

Retrieverdeild, samþykkt milli funda

Vegna fuglaflensu var stjórn Retrieverdeildar veitt undanþága frá reglum félagsins með að nota fugla í veiðipróf og fengu heimild til að nota dummy í staðinn í prófi sem fór fram 23. apríl og þau próf sem framundan eru meðan fuglaflensa er talin geisa hér. Gert er ráð fyrir að Retrieverdeild muni upplýsa stjórn hvenær talið er óhætt að aflétta undanþágunni og taka aftur upp notkun bráðar í veiðiprófum, eins og reglur segja til um.

Afgreiðsla vísindanefndar.

Beiðni frá undanþágu á ræktunarbanni vegna staðfests PRA.

Með beiðninni fylgdi ekki augnvottorð hundsins né DNA niðurstaða fyrir aðra þekkta PRA gerð í tegundinni né frekari rökstuðningur fyrir undanþágu.

Skilað var inn DNA Clear vottorði fyrir aðeins annarri gerðinni en ekki hinni sem þekkist í tegundinni og leggur vísindanefnd HRFÍ til að beiðni um undanþágu frá ræktunarbanni verði hafnað enda sé ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti að hundurinn sé án allra gerða PRA sem þekkjast í tegundinni. Stjórn samþykkti niðurstöðu vísindanefndar.

Cavalierdeild - Multi Focal RD

Í sérkafla ræktunarreglna HRFÍ um tegundina gildir sú regla að allir hundar með RD Multi(fokal) fara í ræktunarbann. Stjórn hefur sótt upplýsingar til nágrannalanda og þar þykir

RD Multi fokal ekki vera það alvarlegt afbrigði að það sé hluti af tilgreindum augnsjúkdómum sem valdi ræktunarbanni.

Tillaga stjórnar er að vægari afbrigði "Multi fokal" verði fellt út úr sérkaflanum og þeir sem greinast verði ekki settir í bann heldur megi para með fríum. Áfram verði þó Retinal Dysplasia geographic/detached inni enda alvarlegra afbrigði.

Deildin óskar eftir að breytingin taki gildi sem allra fyrst og þeir hundar sem áður hafa verið settir í ræktunarbann vegna RD Multi fokal verði teknir úr banni.

Vísindanefnd leggur til að beiðni Cavalierdeildar um að ekki komi til ræktunarbanns greinist hundur með Multifocal Retinal Dysplasia sé samþykkt. Almennt ganga ræktunartilmæli ECVO umtalsvert lengra en flestra ræktunarfélaga varaðandi ræktunarbönn vegna augnsjúkdóma og telur nefndin því ekki ástæðu til þess að ganga harðar fram en sérfræðingar í augnlækningum mæla með enda sé erfðafjölbreytileiki stofns hafður í huga og ekki um að ræða sjúkdóm sem hefur í för með sér alvarlega skerðingu á lífsgæðum hunds. Ráðleggur vísindanefnd að sett sé krafa um að ræktað sé á móti fríu greinist hundur með Multifocal RD. Stjórn samþykkti niðurstöðu vísindanefndar.

Írsk setterdeild – Arfgengt Cataract

Ræktunardeild Írsk setter deildar HRFÍ óskar eftir breytingu á reglum um skráningu í ættbók hjá HRFÍ.

Í dag eru reglur um augnvottorð fyrir Írskan setter að undaneldisdýr skulu hafa gild augnvottorð.

Óskar stjórn ræktunardeildarinnar að eftirfarandi breyting verði á reglum um augnvottorð:

- Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð við pörun. Niðurstöður augnvottorðs eiga að vera kunnar fyrir pörun. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Telur stjórn ræktunardeildar Írska settersins að þar sem stofn tegundarinnar er lítill á Íslandi þurfi að passa upp á að ekki sé verið að rækta undan hundum sem er með arfgenga starblindu. Þarf lítið til að stofninn verði ónothæfur til undaneldis ef verið er að para hunda með arfgenga starblindu.

Vísindanefnd leggur til að breyting á ræktunarreglum fyrir írsku seta þar sem arfgengt cataract yrði sett í ræktunarbann sé samþykkt. Sjúkdómurinn finnst ekki í miklu magni á Íslandi eða erlendis og má því ekki telja kröfuna mjög þyngjandi og gæti komið í veg fyrir að arfgengt cataract næði að dreifa sér um stofninn. Stjórn samþykkti niðurstöðu vísindanefndar.

Aldursundanþága rakka.

„Rakkinn yrði 2,2 ára við pörun en lágmarksaldur er 2,5 ár - reglan var sett til þess að foreldrar ræktunardýra næðu að lágmarki 4 ára aldri til þess að fá 4 ára vottorðið. Móðir fædd 16.3.2016 og hefur því náð 4 ára aldri, faðir fæddur 24.6.2018 og því ekki náð 4 ára aldri. Bæði voru hjartahlustuð frí fyrir pörun.“

„Ræktunar- og staðlanefnd yfirfór ræktunarreglur allra tegunda á sl. ári og var þá sérstaklega óskað eftir því frá ræktunardeild viðkomandi hundakyns að aldurslágmark fyrir pörun yrði 2,5 ár í stað almennrar 2 ára reglu sem nefndin lagði til á allar tegundir innan félagsins. Var beiðni deildarinnar

samþykkt á þeirri rökfærslu að hærri aldur hundakynsins við ræktun væri ætlaður til þess að sjá hjartaniðurstöður foreldra ræktunardýranna til þess að reyna draga úr algengi arfgengs hjartamurrs.“

Úr beiðni frá ræktunardeild frá 2020

Þar sem breytingin á ræktunardri hefur valdið mikilli umræðu í ræktunarsamfélaginu og við í framhaldinu fengið nokkrar mis áhugaverðar ábendingar um ræktunardur XXXX þá viljum við gjarnan að ræktunarreglan hljómi á þennan veg:

Lágmarksaldur undaneldisdýra er 2 ár ef báðir foreldrar hafa náð 5 ára aldri, annars 2 ½ ár.

Þetta er gert til að tryggja að báðir foreldrar hafi skilað inn hreinu 4 ára hjartavottorði.

Vísindanefnd bendir bæði á reglugerð um skráningu í ættbók og ræktunartilmæli ræktunardeildarinnar máli sínu til stuðnings.

Vísindanefnd leggur til að undanþága vegna aldurs verði ekki veitt þar sem foreldrar tilvonandi ræktunardýra hafa ekki náð 4 ára aldri og því ekki með 4 ára hjartavottorð. Stjórn samþykkti niðurstöðu vísindanefndar.

Chow Chow – Olnbogalos

Telur Vísindanefnd HRFÍ fulla ástæðu til þess að halda inni kröfu um olnbogamyndun og leggur til að ræktendur tegundarinnar hvetji ræktunardeildir Norðurlandanna til þess að mynda tegundina frekar en að hætta að leita að vandamáli sem er augljóslega til staðar í tegundinni. Olnbogalos er alvarlegur sjúkdómur sem getur skert verulega lífsgæði hunda og telur Vísindanefnd óforsvaranlegt að fella niður kröfur um olnbogamyndun enda augljóslega stærsta vandamál tegundarinnar og nauðsynlegt fyrir ræktendur tegundarinnar að taka alvarlega. Stjórn samþykkti niðurstöður vísindanefndar.

Boxerdeild – Mjaðmir og undanþága

„Ekki er fallist á fullyrðingu greinargerðarinnar um að reglurnar, reglur um skráningu í ættbók, séu íþyngjandi heldur er þeim ætlað að draga úr ræktun á hundum með sjúkdóma sem geta valdið alvarlegri skerðingu á lífsgæðum gæludýra. Heimaland tegundarinnar (Þýskaland) fer fram á mjaðmamyndun og bannar ræktun á hundum sem greinast með bæði mjaðmalos D og E.

Úr ræktunareglum heimalandsins Þýskalands

Boxers are not allowed to breed and are automatically banned from breeding,

1. if serious deficiencies in the phenotype and/or genotype are detected,

2. if testicular deficiencies and/or testicular anomalies in the veterinary sense, deviating from the definition in the standard, are determined, in particular unanimity,

Testiclelessness and strikingly differently developed testicles,

3. if the hip dysplasia finding (HD) is D or E,"

Vísindanefnd kemst að þeirri niðurstöðu að hafna skuli beiðni deildarinnar um undanþágu frá gildandi reglum um skráningu í ættbók. Stjórn samþykkir niðurstöðu vísindanefndar.

Undanþágubeiðni frá gildandi reglum um skráningum í ættbók fylgdi einnig erindinu vegna ættbókarskráningar á goti. Segir í svari vísindanefndar;

Ekki fylgja nein gögn með undanþágubeiðni þ.m.t. þörunarvottorð, heilsufarsniðurstöður eða greinargerð og því ekki hægt að taka undanþágubeiðnina fyrir að svo stöddu.

Á þörunarvottorðum HRFÍ kemur fram að með undirskrift staðfesti ræktandi að hafa kynnt sér lög HRFÍ, grundvallarreglur fyrir félagsmenn sem og reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ og því telur

vísindanefnd ekki hægt að leggja til að orðið sé við undanþágubeiðni (ekki hefur komið fram fyrir hvaða reglum er óskað eftir undanþágu á eða hvers vegna) án þess að frekari gögnum og rökstuðningi sé skilað frá ræktanda.

Stjórn samþykkti niðurstöður vísindanefndar.

Ábending frá stjórn ræktunardeildar.

Ábending barst þess efnis að hundur er ranglega auglýstur með A/A mjaðmir. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja erindinu til stuðnings er hundurinn með C mjaðmir.

Þá er bent á að ræktandi brjóti gegn 2.gr grundvallarreglna fyrir félagsmenn í HRFÍ:

„Stunda ræktun af alvöru og ábyrgð og láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf. Vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn og ef því er að skipta, ákvæði varðandi vinnu- eða veiðipróf, sem í gildi eru fyrir það hundakyn sem hann ræktar.“ Erindið barst 8/4'22.

Lagt til að skrifstofa fái erindið til meðferðir, kanni hvort upplýsingar sem eru málinu til stuðnings séu réttar.

Fundi slitið klukkan 19:00.

Næsti fundur stjórnar áætlaður 9. maí næstkomandi.